

# Félag framhaldsskólanema

Aðalstræti 2, 101 Reykjavík  
ph. 444, 121 Reykjavík sími: 551-5353

Reykjavík, 23. nóvember 1996,

*Alþingi*

*Erindi nr. B 121 / 172*

*komudagur 26/11 1996*

Formaður félagsmálanefndar,  
Kristín Ástgeirsdóttir

Eftirfarandi er álitargerð Félags framhaldsskólanema á frumvarpi til laga um breytingu á lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980, með síðari breytingum:

## *Um 1. grein.*

Flókið orðalag þessarar greinar krafðist síendurtekens yfirlestrar en okkar skilningur á skilgreiningum um börn, unglinga og ungmenni er þessi:

Barn er undir 15 ára aldri og er í skyldunámi.

Unglingur er 15, 16 eða 17 áraog er ekki lengur í skyldunámi, sem sagt allir sem útskrifaðir eru úr grunnskóla kallast unglingar.

Ungmenni á þá við alla sem eru undir 18 ára aldri.

## *Um 2. grein.*

Við teljum alhæfinguna um að börn megi ekki ráða til vinnu vera óþarfa þar sem undantekningarnar eru svo margar að hún missir gildi sitt. Vinnuskólinn ræður 13 ára börn og má deila um hvort þau falli undir skilgreininguna „létt garðyrkju-og þjónustustörf“ eins og fram er tekið í c).

## *Um 4. grein.*

Að okkar mati er hæpið að banna ráðningu ungmenna á staði þar sem slyshætta er fyrir hendi. Slys geta alls staðar átt sér stað og þau gera ekki boð á undan sér. Jafnframt er það álit okkar að ekki sé hægt að takmarka vinnumöguleika vegna kulda, líkt og gert er í grein e). Við búum nú einu sinni á Íslandi og erfitt er að ákvarða hvenær og hvar er of kalt til að hægt sé að vinna.

## *Um 5. grein.*

Hér viljum við fyrst gera athugasemdir á orðalagi. Í greinum b) og c) er talað um barn sem náð hefur 15 ára aldri. Er það ekki andstætt skilgreiningu fyrstu greinar á barni (undir 15 ára aldri)? Einnig finnst okkur að vinnutími sem kveðið er á um í greinum c) og d) mætti hljóða upp á 8 stundir á dag og 40 stundir á viku. Loks teljum við að ákvæðið um samfellt 30 mínútna hlé mætti vera afdráttarlausara.

## *Um 6. grein.*

Reglan um vinnutíma unglinga er of ströng. Réttara væri að banna vinnu þeirra frá kl. 24 til kl. 6 þar sem fjölmargir unglingar vinna í söluturnum og flestir þeirra loka ekki fyrr en kl. 23.30. Hér gæti einnig komið upp ruglandi aðstæður ef litið er til þess sem sagt er um fjölskyldufyrirtæki í 1. grein.

# Félag framhaldsskólanema

Aðalstræti 2, 101 Reykjavík  
ph. 444, 121 Reykjavík sími: 551-5353

Hvað gerist ef fjölskyldan á söluturninn þar sem barninu/unglingnum er ætlað að vinna til 23.30? Hér vantar skýrari reglur. Við lýsum yfir mikilli ánægju okkar með ákvæðið um heilbrigðisskoðun og athugun á vinnuhæfni. Hins vegar veltum við vöngum yfir því hvernig þessu verður framfylgt. Af eigin fenginni reynslu teljum við víst að fjölmargir vinnuveitendur hugsi fyrst um eigin hag en síðan um starfsmennina með þeim afleiðingum að hagsmunir starfsfólksins sitji ætíð á hakanum.

## Um 7. grein:

Hér er sama vandamálið og í 6. grein. Hvernig á að framfylgja þessum lögum nema með gífurlegu og fjárfreku eftirliti?

## Um 8. grein:

Orðalag þessarar greinar er í meira lagi loðið. Það eru án efa margir vinnuveitendur sem munu nýta sér það til þess að geta borgað lægri laun.

## Um 9. grein:

Ekkert nema gott um þessa grein að segja.

## Um 10. grein:

Ákvæði þessarar greinar eru okkur mjög að skapi en upp kemur sama vandamál og við greinar 6 og 7; hvernig verður þessu framfylgt? Verði hægt að finna lausn á því er það afskaplega mikil framför.

Auk þeirra athugasemda sem þegar hafa komið fram viljum við gjarnan koma eftirfarandi á framfæri:

Við gerum okkur grein fyrir því að þetta mál heyrir ekki beint undir félagsmálanefnd en við teljum afar mikilvægt að starfsfræðsla verði aukin í skólum. Eins og er, er einungis boðið upp á slíka fræðslu í 10. bekk og felst hún í heimsóknnum á ólíka vinnustaði. Okkar álit er að þegar í 6. og 7. bekk eigi að hefja starfsfræðslu en á öðrum grundvelli; t.d. með fjölbreyttara bóknámi. Mest ríður á að börnum sé snemma innrætt almennilegt vinnusiðferði þar sem við teljum mikið skorta á slíkt hjá langflestum sem nú eru á vinnumarkaðnum.

Við æskjum þess einnig að betur sé fylgst með launamálum barna og unglinga þar sem sífellt berast sögur af ungu fólki sem ekki hefur notið fyllsta réttlætis hvað varðar launagreiðslur o.s.frv. í starfi sínu.

Okkur langar einnig að finna eilítið að vali nefndar meðlima. Við teljum setu aðila frá Bændasamtökunum ekki réttlætianlega nema þar sitji einnig aðili frá einhverju verslunarmannafélagi. Það er alkunna að mun fleiri börn og unglingar vinna núorðið við verslunar- og þjónustustörf en í sveit. Jafnframt teljum við ekki svo vitlaust að hafa 1-2 fulltrúa þess þjóðfélagshóps, sem um er fjallað í lögum þessum, í nefndinni. Þeir fulltrúar myndu eflaust ekki

# Félag framhaldsskólanema

---

Aðalstræti 2, 101 Reykjavík  
ph. 444, 121 Reykjavík sími: 551-5353


liggja á skoðunum sínum.

Loks viljum við fara fram á að reglur þær, sem sífellt er tekið fram að ráðherra setji að fengnum tillögum Vinnueftirlitsins, verði sendar okkur þegar þær liggja fyrir. Án þeirra reglna hafa þessi lög í raun og veru afar lítil áhrif.

Félag framhaldsskólanema þakkar félagsmálanefnd fyrir það tækifæri að fá að segja sitt álit á málum er snerta börn og unglinga (ungmenni...). Aðal-málefni okkar eru hagsmunir ungs fólks og við þjónum þeim hagsmunum vel með álitserðum sem þessum. Við vonum að framhald verði á samstarfi Alþingis og Félags framhaldsskólanema, því við teljum að slíkt sé báðum til framdráttar.

Með vinsemd og virðingu,

f.h. Félags framhaldsskólanema



Ásgeir Sigfússon  
gjaldkeri